

Kynfræðsla fyrir foreldra

Dagsetning:

Staðsetning:

Íslensk ungmenni eru yngri en viðmiðunarpjóðir þegar þau hefja að stunda kynlíf, eiga fleiri rekkjunauta, smitast oft af kynsjúkdómum og eru með hærri tíðni af unglingsþungunum. Virk kynfræðsla seinkar kynferðislegri hegðun barna og gerir hana ábyrgari og öruggari þegar hún hefst. Rannsóknir styðja að börn vilja fá kynfræðslu fyrst og fremst frá foreldrum sínum en foreldrarnir þurfi að hefja samræðurnar. Mikilvægur þáttur í því að foreldrar verði opnari fyrir því að ræða þessi málefni við börn sín er þeirra eigin trú á getu þeirra til að geti frætt börn sín um kynlíf. Markmið fyrirlestrarins er að kynfræðsla verði sjálfsagður hluti af samræðum foreldra við börn sín og að fræðslan styrki þeirra samskipti.

Umfjöllunarefnið verða kynfæri, kynlífsathafnir, klám og kynlífsmýtur, svo fátt eitt sé nefnt. Fræðsla foreldranna er í formi fyrirlesturs með glærुकynningu. Foreldrum verður sýnd kynfræðsla barnanna og gefst þeim kostur á að spyrja og spjalla að loknum fyrirlestri.

Ef einhverjar spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við:

Um Siggú Dögg

Sigríður Dögg Arnardóttir, Siggú Dögg, er með B.A. gráðu í sálfræði frá Háskóla Ísland og M.A. gráðu í kynfræði (sexology) frá Curtin háskóla í Vestur Ástralíu. Sérstaða hennar sem kynfræðari er hispurlaus og hreinskilin nálgun á kynlífi sem byggir á innlendum og erlendum rannsóknum ásamt reynslu af kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum víðsvegar um landið.